

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

BORHOLUR 3, 4 OG 5 Í KRÖFLU

Viðauki

Lýsing jarðlaga.

Hrefna Kristmannsdóttir

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

BORHOLUR 3, 4 OG 5 Í KRÖFLU

Viðauki

Lýsing jarðlaga.

Hrefna Kristmannsdóttir

LÝSING JARBLAGA Í HOLU 3 Í KRÖFLU

34-50 m. Móbergsbreksía, yfirleitt mikið myndbreytt. Glerið er alveg endurkristallað yfir í kvars, kalsít, zeolít og leirsteindir. Ívaf er í breksíunni af fínkornóttu, fersklegu, dökku basalti. Einnig finnast stök brotkorn af fersklegu, gráleitu, fremur grófu basalti.

50-52 m. Vantar svarf.

52-62 m. Basaltlög í breksíunni með millilögum efst og á um 60 m dýpi.

62-66 m. Túffkennd móbergsbreksía, mikið ummyndað.

66-68 m. Vantar svarf.

68-84 m. Túffkennd móbergsbreksía með mjög miklu af útfellingum af kalsíti, kvasi, zeolítum, leirsteindum og miklu pyríti. Plagióklasfenokristallar í glerinu eru allumyndaðir.

84-90 m. Basaltrík breksía. Basaltbrotkornin eru úr gráleitu, meðalgrófkornóttu, allmyndbreyttu basalti og úr dökku, fínkornóttu, fersklegu basalti. Allmikið finnst af pyríti.

90-106 m. Móbergsbreksía, basaltrík. Neðst í laginu og á um 96 m dýpi er þunnt fremur fersklegt basaltlag. Mikið pyrít finnst í svarfinu.

106-108 m. Vantar svarf.

108-114 m. Túffkennt set með miklu af útfellingakornum. Mun minna er af pyrít en í laginu ofan við. Útfellingar af kalsíti, zeolítum, brúnleitum leirsteindum og kvasi.

114-120 m. Móbergsbreksía, oxun er talsvert áberandi.

120-122 m. Brotkorn eru bara úr sementi frá enda efstu fóðringar.

124-156 m. Móbergubreksía, nokkuð basaltrík, sérstaklega neðst í laginu. Á 130-150 m dýpi er hún oxuð og gjallkennd. Fremur lítið er um pyrít. Útfellingar eru aðallega úr kalsíti, zeolítum og leirsteindum.

156-168 m. Basalt, gráleitt, allmyndbreytt. Fremur lítið er um útfellingar.

168-178 m. Fremur basaltrík móbergubreksía. Meira er um pyrít en í basaltinu ofan við.

178-206 m. Grágrænleitt, meðalgrófkornótt basalt, talsvert myndbreytt. Myndbreyting á byrjunarstigi sést í plagióklas- og pyroxenfrumsteindum í basaltinu.

206-210 m. Basaltrík breksía eða breksíerað basalt. Útfellingar finnast af velkristölluðu kvasi og laumontíti.

210-220 m. Grágrænleitt basalt, svipað basaltlaginu á 178-202 m dýpi.

220-272 m. Basaltrík móbergubreksía. Ekki er mikið um útfellingar. Basaltbrotkornin eru blönduð af gerð en yfirleitt ekki mjög mikið ummynduð.

272-278 m. Gráleitt basalt.

278-296 m. Basaltrík breksía eða breksíerað basalt, talsvert er um útfellingar m.a. af velkristölluðu kvasi. Hnyðlingar af gabbrói finnast.

296-362 m. Basaltlög a.m.k. 4-5 lög. Lagmót eru sennilega á um 318, 322, 328 og 340 m dýpi. Basaltið er allt nokkuð myndbreytt og vel holufyllt. Myndbreyting er talsvert breytileg á milli laga. Basaltið er allt plagióklasdílótt, í einni gerðinni finnast einnig pyroxendílar, fremur lítið er um pyrít í þessum basaltlögum.

362-374 m. Basaltrík breksía. Basaltbrotkorn svipuð og í lögunum að ofan og mikið er um útfellingar af kvarsí, zeolítum og kalsíti, nokkur oxun er. Talsvert er um pyrít.

374-398 m. Basalt, gráleitt fremur fínkristallað, plagióklasdílótt. Plagióklasfenokristallar eru sumir mjög kalsítíseraðir. Lagmót eru sennilega á um 398 m dýpi. Á 398-400 m dýpi er áfram allumyndað basalt.

398-406 m. Gráleitt fremur grórkornótt basalt. Útfellingar af kalsíti og zeolítum eru alláberandi.

406-412 m. Svarf vantar.

412-416 m. Gráleitt basalt, mjög líkt laginu á 400-406 m dýpi.

416-418 m. Nær algjörlega endurkristallað berg, sennilega túff að uppruna, en nú algjörlega endurkristallað yfir í kvars, kalsít leirsteindir og ógegnsæar steindir.

418-438 m. Basaltrík breksía, brotkorn, sem eru af gleruppruna, allumyndað finnast ásamt basaltbrotkornum. Basaltbrotkorn eru aðallega dökk og fínkornótt ofarlega í laginu, en neðar í laginu finnst meira af grófkristölluðu, gráleitu basalti.

438-442 m. Túffkennt berg með miklu af útfellingasteindum, aðallega kalsíti og pyríti.

442-454 m. Gróft basalt, mikið ummyndað. Ásýnd pyroxena sést enn, en þeir eru alveg endurkristallaðir. Mjög mikið er um kalsítútfellingar og einnig er talsvert um kvars.

454-594 m. Túffkennd móbergsbreksía, mikið er um kalsít- pyrít- og kvarsútfellingar. Talsvert finnst af dökku, fersku, fínkornóttu basalti á dýptarbilunum 496-514 m, 532-538 m, 546-552 m og 554-558 m. Í þessum móbergslögum finnst epidót fyrst á um 548 m dýpi.

594-600 m. Gráleitt, fínkornótt, allmyndbreytt basalt, mikið er um epidótútfellingar í velþróðum krisalþyrpingum. Kalsít er algengt. Mjög mikið er um pyrít.

600-608 m. Móbergsbreksía með dreif af brotkornum úr gráleitu basalti, sennilega úr laginu að ofan. Mikið er um útfellingar af epidóti, pyrít, parawollastoníti og velþróðum kristöllum úr kalsíti.

608-618 m. Vantar svarf.

618-628 m. Algjörlega endurkristallað berg, sennilega móbergsbreksía að uppruna. Mikið er um kalsít, kvars og pyrít. Epidót finnst einnig og prenit í minna magni.

628-638 m. Mjög ummyndað basalt, fínkornótt, ljósgrátt að lit. Mikið er um pyrít, kalsít, kvars og leirsteindir. Epidót finnst í litlu magni og einnig prenit.

638-644 m. Basalt, fínkornótt, plagióklasdílótt og oxað. Útfellingar á sprunguflötum eru úr kalsíti, kvasi, leirsteindum og prenit.

644-760 m. Móbergsbreksía með þunnum basaltbríkum á milli. Ummyndun er mikil, sérstaklega í 700-712 m. Á um 720 m dýpi og er mjög mikið um epidót. Parawollastonít er algengt á 720 m. Mjög mikið er um pyrít á 692-696 m og 702-708 m. Prenit, kalsít og kvars eru einnig algengar útfellingasteindir. Basaltríku kaflarnir í laginu eru á 666 m, 674 m, 712-716 m, 730-734 m og 744-748 m. Basaltið er dökkt og fínkristallað.

760-806 m. Basaltrík móbergsbreksía. Basaltið er myndbreytt yfir í leirsteindir aðallega. Leifar sjást af upprunalegum plagióklas og einnig pyroxen. Mjög mikið er um útfellingar og ummyndunarsteindir. Epidót finnst í stórum þyrpingum. Prenit sést einnig og parawollastonít.

Á dýptarbilunum 762-766 m og 774-778 m vantar svarf.

806-808 m. Vantar svarf.

808-814 m. Berg, sem er algjörlega endurkristallað yfir í epidót, prenit og kvars, aðallega, ásamt leirsteindum. Í þunnsneið af sýni frá 814 m dýpi, finnst, ásamt þessu ummyndaða bergi, stórt brotkorn af ferskum ólivínkristal. Bendir það til þess, að í þessu lagi sé þunnur, ferskur basaltgangur, en hugsanlega gæti brotkornið verið úr fersku basaltlögunum að ofan.

814-818 m. Vantar svarf.

818-836 m. Gráleitt, meðalgróft basalt, allmyndbreytt. Epidót er algengt í velþróuðum stórum kristalþyrpingum. Parawollastonít fannst einnig í klösum í þessu lagi.

836-850 m. Svarfið er talsvert blandað í þessu lagi, þó aðallega basalt. Basaltið er fínkornótt, allmikið ummyndað. Mikið ber á útfellingum, sérstaklega efst í laginu, af fínkristölluðum kvarsþyrpingum, epidóti og kalsíti.

850-942 m. Aðallega gráleitt basalt, allgrófkornótt. Talsvert breytilegur textúr er á basaltinu á þessum kafla, en erfitt er að skilja að einstök lög. Einnig finnst grófkornótt talsvert ummyndað basalt. Er það talsvert epidótiserað. Mikið er af kvars og epidót útfellingum. Einnig finnast útfellingar af prenit og mikið er um leir í basaltinu. Auk þessa grófa basalts finnst einnig fínkornótt basalt, sem sennilega hefur verið glerkennt, og er sumt af því dílótt og finnast bæði plagióklas- og pyroxendílar í því. Fínkornótta basaltið er nú mjög mikið ummyndað og oxað. Í kringum 870 m er sennilega dólerítgangur. Nálægt 890 m finnst parawollastonít, sem einnig bendir til að innskotslög gætu verið á þessu bili. Erfitt er að staðsetja þessa ganga nákvæmlega.

942-1000 m. Gráleitt basalt, sem er allgrófkornótt og fremur fersklegt. Ekki er unnt að greina sundur einstök lög eftir svarfinu, því mikil blöndun er. Þótt neðst sé basaltið fremur fersklegt, finnst þar einnig brotkorn af mjög mikið ummynduðu basalti. Í því er pyroxen algjörlega endurkristallaður yfir í amfiból og í plagióklasnum eru

epidótflekkir. Einnig finnast brotkorn af mjög fínkornóttu oxuðu basalti og brotkorn af fínkornóttu mjög leirfylltu basalti. Talsvert er um útfellingar af kalsíti, kvarsi, pyrítu og epidóti.

1000-1028 m. Basaltrík breksía talsvert er um pyrít, epidót og ljósar útfellingar.

1028-1034 m. Vantar svarf.

1034-1036 m. Gráleitt basalt.

1036-1046 m. Vantar svarf.

1046-1180 m. Svarfið er allt úr basalti, sem yfirleitt er gráleitt og allmikið ummyndað. Nálægt 1070 m er talsvert ferskara gróft basalt með, sem dreif. Í þessu ferska grófa basalti eða dóleríti er leir stundum að nokkru leyti kominn í stað pyroxen, en annars er það lítið ummyndað. Í mikið ummyndaða basaltinu sjást leifar af pyroxen og plagióklas, en báðar steindirnar eru byrjaðar að leysast upp og sést oft epidót á jöðrum kornanna og sömuleiðis leir. Mikið er af útfellingum af kvarsi, epidóti og preníti. Einnig sést nokkuð af kalsíti. Parawollastonít sést sumstaðar einkum á um 1140 m dýpi.

1180-1224 m. Grænleitt svarf af mjög mikið ummynduðu basalti. Mikið er um útfellingar af epidóti í vel þróuðum kristalþyrpingum. Með epidótinu eru oft útfellingar af leir (klóríti). Í ummyndaða basaltinu eru eftir leifar af plagióklasi, en pyroxenin er algjörlega horfinn og í hans stað komnar leirsteindir. Í laginu finnast einnig stök brotkorn af allgrófu, fremur fersklegu basalti.

1224-1400 m. Mjög ferskt dökkt basalt. Í efstu 10-20 m er allmikið um dreifikorn úr myndbreytta basaltinu ofan við og epidót finnst í stórum brotkornum og einnig er talsvert um pyrít. Neðar verður ferska basaltið einrátt. Erfitt er að sjá lagskiptingu í þessu basalti, en ummyndun er nokkuð mismunandi mikil, en yfirleitt er allt bergið talsvert ferskt. Basaltið er fínkornótt til meðalgrófkornótt. Leir sést á kornamörkum, í millirúmum og sprungum og nokkur oxun hefur orðið.

Lítið er um útfellingar, en dreif finnst þó af epidóti ásamt ljósum útfellingum á kalsíti og kvarsi. Á basaltbrotflötunum sést stundum örla á pyrítí í örsmáum kornum.

1400-1462 m. Basalt, dökkt, fín- til meðalgrófkornótt, dílótt. Basaltið er allferskt en þó sýnir pyroxen ummyndun á byrjunarstigi og í stærri plagióklaskristöllum eru sprungur og æðar leirfylltar. Útfellingakorn af kvarsi, sem sumt er í velþróuðum kristalþyrpingum, sjást í svarfinu einnig sjást útfellingar af epidóti, kalsíti og pyrítí. Pyrítíð er stundum í stórum einstökum kristöllum. Útfellingar af leir, bæði klórítí og blandlagssteindum, sjást einnig. Stök korn finnast í svarfinu af fínkornóttu, mjög oxuðu basalti og einnig finnast nokkur korn af algjörlega endurkristölluðu bergi, sem gæti verið af gleruppruna.

1462-1472 m. Í þessu lagi er mun meira af útfellingum, sérstaklega af epidóti. Sum brotkornanna eru mikið ummynduð og endurkristölluð og gætu verið upprunalegt gler. Basaltbrotkorn, sem eru í talsverðu magni í laginu, eru af svipaðri gerð og ofar en heldur meira ummynduð. Þetta er greint sem basaltrík breksía.

1472-1490 m. Vantar svarf.

1490-1644 m. Basalt, sem er fremur ferskt, en myndbreyting virðist þó aukast smám saman með dýpi. Lagskipti eru ekki mjög glögg í basaltinu, en þó hefur það nokkuð breytilegan textúr. Basaltið er dílótt. Nokkuð er um útfellingar. Dreif finnst af pyrítí og epidót finnst einnig. Kalsít- og kvarsútfellingar finnast einnig.

LÝSING JAÐLAGA Í HOLU 4 Í KRÖFLU

38-42 m. Mjög fínt svarf, túffkennt með miklu af pyrít-, kalsít- og zeolítaútfellingum.

42-46 m. Blöðrótt, grátt basalt. Sumt af basaltinu er holufyllt með hvítum fyllingum, en annað hefur aðeins dökka leirhúð innan í blöðrunum. Mjög mikið er um pyrít neðst í basaltinu. Ljósu holufyllingarnar eru aðallega aragonít, en einnig er vottur af kalsíti.

46-48 m. Mjög fínt svarf. Brotkorn eru aðallega af útfellingum að miklu leyti kalsíti. Einnig eru túffkennd brotkorn og dreif er af basaltbrotkornum.

48-52 m. Basaltrík breksía.

52-54 m. Vantar svarf.

54-56 m. Basaltrík breksía af sömu gerð og ofar.

56-58 m. Vantar svarf.

58-70 m. Fraúkennt hálfholufyllt basalt er ráðandi, en þó er dreif af glerkenndum brotkornum alveg efst. Blöðrur í basaltinu eru fylltar með dökkgrænni húð yst og síðan er talsvert af ljósum kristalfyllingum. Á 60 m dýpi eru zeolít, sennilega mordenít. Pyrít sést í laginu, en er ekki mjög algengt.

70-90 m. Basaltrík breksía með bólstrabergsívafi.

90-118 m. Túffkennd móbergsbreksía, þó finnast með dreifð brotkorn, af fínkornóttu glerkenndu basalti. Mikið er um útfellingar í laginu. Pyrít er mest áberandi í neðstu 4 m lagsins. Mikið er um kalsít, einnig finnast zeolít, sem sennilega eru heulandít.

118-130 m. Túffkennt, mjög ummyndað, ljóst berg. Pyrít finnst í talsverðu magni sérstaklega neðstu 2 m.

130-176 m. Móbergsbreksía. Talsvert er um útfellingar og er sérstaklega mikið af pyríti á vissum dýptarbilum. Útfellingar af kalsíti, kvasi og mordeníti finnast einnig. Molar af fínu, dökku, fersklegu basalti finnast einkum á 156 og 172 m dýpi.

176-184 m. Basalt, dökkt, fínt og fersklegt. Breksíukennd brotkorn finnast inn á milli og gætu þau verið úr lögunum að ofan.

184-192 m. Túffkennd breksía. Útfellingar finnast af kalsíti, kvarsi og analsími.

192-212 m. Dökkt, fínt og fersklegt basalt. Dreif finnst af breksíukenndum brotkornum. Útfellingar finnast af kalsíti og kvarsi.

212-220 m. Móbergsbreksía. Ummyndaðar glersambreyskjur eru grænbláleitar að lit vegna leirumyndunar. Útfellingar finnast af kalsíti, kvarsi og analsími.

220-234 m. Basaltrík breksía, sem er oxuð á köflum. Talsverð dreif af brotkornum af dökku, fersku basalti finnst, sérstaklega á 220 m dýpi og 232 m dýpi. Talsvert er af pyrít í þessu lagi.

234-270 m. Móbergsbreksía. Brotkorn eru af ummynduðum glersambreyskjum. Einnig finnast brotkorn af fremur grófkornóttu bergi, sem sennilega er basalt að uppruna en er nú mjög ummyndað. Talsvert er um útfellingar af kalsíti, kvarsi og analsími.

270-274 m. Móbergsbreksía, en talsvert er um brotkorn af dökku, fínu basalti.

274-288 m. Móbergsbreksía, svipuð og í 234-270 m. Á um 282 m dýpi er þunnt basaltlag. Pyrít finnst í litlu magni, en dreift í öllu laginu. Auk þess finnast útfellingar af kalsíti og kvarsi.

288-604 m. Vantar svarf.

604-620 m. Túffkennd móbergsbreksía með miklu pyríti. Talsvert er um steypumola úr fóðringu í efstu 4 m.

620-622 m. Dökkt, fersklegt og fínkornótt basalt.

622-634 m. Túffkennd móbergsbreksía með talsverðu pyríti. Auk þess eru útfellingar af kalsíti, kvarsi og analsími.

636-642 m. Basaltrík móbergsbreksía. Mikið er um pyrít.

644-646 m. Allferskt, gráleitt basalt.

646-650 m. Basaltrík breksía. Mikið epidót finnst á 646-648 m dýpi. Talsvert finnst af útfellingum af pyríti með óvenjulega kristallögun.

650-654 m. Dólerít.

654-658 m. Basaltrík breksía, svipuð og í laginu ofan við.

658-662 m. Gróft basalt eða dólerít, allmyndbreytt.

662-682 m. Basaltrík breksía. Talsvert mikið er um útfellingar af kalsíti, kvasi, pyríti og epidóti. Nokkur dreif er af brotkornum af grófu basalti eða dóleríti, en ekki er unnt að staðsetja þessi lög nákvæmlega.

682-700 m. Móbergsbreksía með dreifðum brotkornum af dökku, finkornóttu basalti. Allmikið er um epidót og mjög mikið finnst af pyríti. Talsvert er um oxun frá um 694 m dýpi og mjög mikið er um epidót þar.

700-702 m. Basaltlag.

702-770 m. Móbergsbreksía með talsverðri dreif af basaltbrotkornum. Þunn basaltlög 1-2 m á þykkt gætu verið á um 712 m, 750 m og jafnvel fleiri stöðum. Útfellingar af kalsíti og kvasi eru algengar. Epidót finnst alstaðar í þessu breksíulagi. Pyrít er allalgengt, en finnst í minna magni neðan 730 m. Parawollastonít finnst dreift í laginu og gæti það verið tengt þunnum göngum í breksíunni.

770-778 m. Basalt, talsvert myndbreytt. Epidót er þarna í nokkru magni. Pyrít er í meira magni en í laginu að ofan.

778-806 m. Móbergsbreksía, mjög mikið ummynduð, dreif finnst einnig af dólerítbrotkornum. Mikið er um epidót. Í þessu lagi ber mikið á háhitaummyndunarsteindum: parawollastoníti og granati.

806-810 m. Basalt, meðalgrófkornótt, gráleitt og nokkuð ummyndað.

812-880 m. Túffkennd móbergsbreksía með basaltívafi á um 826 og 850 m dýpi.

880-894 m. Vantar svarf.

894-914 m. Basaltrík breksía, mikil ummyndun er í þessu lagi. Út fellingar af analsími og kvarsí eru algengar. Mikið er af epidóti og nokkuð af préníti. Á 910 m dýpi finnst talsvert af dólerítbrotkornum.

914-918 m. Basalt, talsvert ummyndað.

918-926 m. Basaltlög, talsvert ummyndað.

926-928 m. Móbergsbreksía, talsvert basaltrík.

928-932 m. Basalt, talsvert ummyndað.

932-934 m. Vantar svarf.

934-952 m. Basalt meðalgrófkornótt. Basaltið er talsvert ummyndað og allmikið ber á útfellingum. Dreif finnst einnig með af þéttu fínkornóttara, gráu basalti. Mikið er um epidót í þessu lagi. Pýrít sést einnig allstaðar og finnst það í rásun m.a. á 936 m dýpi.

954-988 m. Svarfið er af grófkornóttu basalti eða dóleríti og einnig meira fínkornóttu basalti. Talsvert mikið er um útfellingar. Þetta eru sennilega basaltlög og gæti verið að dólerít gangur skeri basaltið á um 960-970 m dýpi. Lítið ber á epidóti í þessu lagi.

990-992 m. Túffkennd móbergsbreksía með miklu af epidóti.

992-996 m. Basalt, gráleitt, meðalgrófkornótt til fínkonrótt, fremur fersklegt. Stök brotkorn af dóleríti sjást. Talsvert ber á útfellingum og er epidót í nokkru magni.

996-998 m. Basaltrík breksía með miklu af epidóti.

998-1006 m. Basalt, gráleitt og fremur fínkornótt.

1006-1008 m. Áfram basalt, en mjög mikið um útfellingar. Sennilega eru lagmót hér.

1008 -1012 m. Grátt, fremur fersklegt basalt.

1012-1038 m. Basalt, sem er talsvert meira ummyndað. Svarfið er talsvert blandað. Sennilega eru fleiri en eitt basaltlag.

1038-1048 m. Móbergsbreksía mjög mikið ummynduð. Epidót finnst í talsverðu magni.

1048-1062 m. Basalt svipað og að ofan.

1062-1088 m. Basaltrík breksía. Í þessu lagi er ívaf af dólerít og gætu þetta verið basaltlög skorin af göngum. Mjög mikil ummyndun er í þessu lagi. Í laginu finnst háhitaummyndunarsteindir bæði parawollastonít, granat og einnig amfiból. Á um 1080 m finnst einnig kbasít. Á um 1080 m dýpi eru flest öll brotkornin úr fersklegu, fín- til meðalgrófkornóttu basalti, sem sennilega er innskotsberg.

1082-1094 m. Vantar svarf.

1094-1114 m. Þunnt basaltlag er efst 1-2 m á þykkt, en annars er lagið basaltrík breksía, sem er mjög mikið ummynduð. Dreif af dólerít-brotkornum finnst í öllu laginu. Parawollastonít finnst í litlu magni í þessu lagi. Talsvert er um útfellingar af klóríti. Epidót sést, en það er ekki mjög algengt.

1114-1126 m. Basalt allmikið ummyndað.

1126-1130 m. Vantar svarf.

1130-1132 m. Fíngert svarf af allummynduðu túffkenndu bergi.

1132-1144 m. Vantar svarf.

1144-1160 m. Basalt, meðalgrófkornótt, plagióklasdílótt. Basaltið

er fremur lítið ummyndað og er pyroxen yfirleitt efst í berginu. Útfellingar af epidóti finnast og mikið er um kvarsútfellingar.

1168-1170 m. Brotkorn eru aðallega af ummynduðum glersambreyskjum. Mikið er um útfellingar og epidót er í miklu magni.

1170-1172 m. Vantar svarf.

1172-1182 m. Basaltrík breksía.

1182-1208 m. Basalt, gráleitt og allummyndað. Basaltið er allt fremur fínkornótt, en textúr er nokkuð breytilegur. Mikið er um útfellingar af kvasi, preníti og epidóti. Í kringum 1186-1188 m virðist svarfið vera meira breksiúkennt. Dreifið brotkorn finnast í þessu lagi af brúnleitum granatpyrpingum. Einnig finnast örfá korn af parawollastoníti. Ekki hafa verið staðsettir gangar í þessu lagi.

1208-1214 m. Mjög mikið ummyndað, gróft basalt. Einnig finnast stök brotkorn af bergi, sem gæti verið súrt að uppruna, en er nú mjög mikið ummyndað og erfitt er að sjá leifar af nokkrum upprunalegum textúr. Talsvert er um brotkorn af ummyndunarsteindum, epidóti, preníti og kvasi og einnig finnast dreifið granatkorn.

1214-1218 m. Basalt, meðalgrófkornótt, gráleitt og allmikið ummyndað.

1218-1224 m. Mjög blandað svarf, aðallega talsvert ummyndað basalt.

1224-1240 m. Mjög mikið ummyndað basalt. Útfellingar af epidóti og pyríti algengar og einnig af kvasi og kalsíti. Granat finnst dreift og sennilega parawollastonít.

1240-1264 m. Grátt, mjög mikið ummyndað basalt. Neðst í laginu gæti verið ívaf af brotkornum úr innskotslagi. Útfellingar af epidóti og pyríti finnast, einnig finnst granat dreift og sennilega parawollastonít.

1264-1266 m. Brotkorn eru mun grófari í þessu lagi, en af svipuðu basalti og í laginu fyrir ofan.

1266-1270 m. Brotkorn í svarfinu eru fínni, en aðallega af allmikið ummynduðu basalti. Hér finnst einnig dreif af granati. Auk þess er talsvert af epidóti og kvarsi.

1270-1274 m. Grófgert svarf af ummynduðu basalti. Basaltið er fínkornótt, talsvert mikið ummyndað og oxað. Einnig finnst allmikið af brotkornum af einstökum pyroxenkristöllum og plagiókristöllum. Einnig finnast fáein brotkorn af grófkornóttu dóleríti. Ummyndun er talsvert mismikil í þessu grófa bergi. Sumir pyroxenkristallarnir eru nær óummyndaðir en aðrir eru algjörlega úralitiseraðir.

1274-1288 m. Vantar svarf.

1288-1308 m. Gráleitt fremur fínkornótt basalt, sem yfirleitt er mjög mikið ummyndað. Bergið er á köflum mjög breksiúkennt og gróf brotkorn af basalti eða dóleríti finnast í auknu magni neðst í laginu. Sennilega er lag af dóleríti neðst og eru mörkin á rúmlega 1300 m dýpi. Granat finnst í þessu lagi. Nálægt mörkunum er aukið magn af útfellingum, kvarsi og epidóti. Basaltið er þar nær algjörlega ummyndað og litlar leifar sjást af upprunalegum textúr.

1308-1324 m. Basaltrík breksía. Svarfið er mjög blandað. Í því finnst brotkorn af fínkornóttu basalti, grófkornóttu basalti, talsvert mikið um útfellingar og einstök brotkorn af brúnleitum pyroxen. Granat finnst ekki í þessu lagi. Mjög lítið er um epidót nema rétt í efstu 4 m. Pýrít finnst sem dreif. Útfellingar af kvarsi eru talsvert algengar í efstu 4 m, en lítið er um þær er neðar dregur. Þetta lag gæti verið basaltlag, en mikil blöndun er þá úr lögunum ofan við.

1324-1330 m. Basaltlag úr fínkornóttu, gráleitu basalti. Allmikið er af ljósum útfellingum, með smáum pýrít-kristöllum í og einnig er mikið um epidótútfellingar.

1330-1338 m. Basalt, fremur grófkornótt með granular til subofittiskan

textúr. Einnig finnast strjál brotkorn af mun fínkornóttara basalti, sem er stakdílótt. Plagióklasinn í grófa basaltinu er yfirleitt talsvert epidótiseraður.

1338-1342 m. Vantar svarf.

1342-1348 m. Gráleitt meðalgróft basalt. Talsvert er af útfellingum í þessu lagi.

1348-1352 m. Mjög fersklegt, dökkt, fínkornótt basalt myndar aðaluppistöðuna í svarfinu. Einnig finnast dreif af brotkornum úr lögnum fyrir ofan.

1352-1366 m. Ummyndað basalt með talsvert af útfellingum. Í neöstu 4 m finnast mun grófkornóttara basalt og er það talsvert ummyndað. Aukið magn af epidóti finnast í neöstu 4 m og vottur finnast af háhita-ummyndunarsteindum.

1366-1376 m. Vantar svarf.

1376-1400 m. Brotkorn eru aðallega af allgrófu, gráu basalti. Einnig finnast talsvert af brotkornum af fínkornóttara, dökkgráu basalti og af ljósgráleitu mjög mikið ummynduðu basalti. Talsvert er um útfellingar af kvasi og pyríti. Epidót er ekki áberandi, en finnast þó.

1400-1406 m. Grófkornótt, gráleitt basalt svipað því sem var aðalbrotkornagerð í laginu fyrir ofan. Einnig finnast dreif af fínkornóttara basalti, sem virðist vera ferskara. Allmikið er um útfellingar í þessu lagi.

1406-1408 m. Basalt. Svarfið er finna á þessu bili og ummyndun er allmikil og eru þetta sennilega lagmót.

1408-1456 m. Gráleitt basalt svipað og í lögnum ofan við. Basaltið er fínkornóttara í efstu 10 m og aftur á 1430-1438 m dýpi. Allmikið er um hvítar útfellingar og epidót finnast sem dreif í öllu laginu.

Mest er um útfellingar á 1420 m dýpi, 1426 m dýpi og 1422 m dýpi og eru sett lagmót þar.

1456-1458 m. Vantar svarf.

1458-1476 m. Gráleitt basalt. Talsvert er um útfellingar. Pýrít finnst sem dreif með ljósum útfellingum. Epidót finnst aðallega á um það bil 1470 m dýpi.

1476-1478 m. Vantar svarf.

1478-1484 m. Gráleitt basalt mjög svipað og í lögunum ofan við.

1484-1488 m. Basalt, sem er mun meira ummyndað en ofar, og meira er um útfellingar.

1488-1510 m. Gráleitt basalt. Bekkir af finna og talsvert ferskara basalti sjást í þessu lagi. Talsvert er um epidót.

1510-1514 m. Basalt, sem er dekkra á lit og fínkornóttara og virðist vera ferskara en í lögunum ofan við. Útfellingar af kvarsi og epidót finnast í laginu.

1514-1522 m. Gráleitt basalt svipað og í syrþunni ofan við. Dreif finnst af fínkornótta basaltinu á 1510-1514 m dýpi. Allmikið er um útfellingar og epidót er algengt.

1522-1530 m. Mjög blandað svarf. Basalt, sem er mjög mismunandi í textúr og ummyndun. Mikið er um útfellingar og pýrít er algengt. Epidót sést sem dreif.

1530-1540 m. Gráleitt basalt. Allmikið finnst af útfellingum og er epidót algengt. Svarfið er talsvert blandað neðst í laginu.

1540-1542 m. Vantar svarf.

1542-1544 m. Gráleitt basalt eins og var í laginu fyrir ofan.

1544-1546 m. Vantar svarf.

1546-1570 m. Gráleitt basalt, sem er talsvert mikið ummyndað. Á 1556 m dýpi finnst dreif af dekkra og fersklegra basalti. Pýrít og epidót finnast sem dreif í þessu lagi.

1570-1574 m. Vantar svarf.

1574-1582 m. Allmikið ummyndað og oxað basalt. Plagióklasinn í basaltinu er einnig orðinn talsvert mikið ummyndaður. Meira er um epidót en í basaltlögunum síðustu 200 m ofan við. Mikið er um útfellingar af kvasi og pýríti og basaltið er mikið leirfyllt.

1582-1584 m. Örpunnt lag af dökku, ferku basalti finnst á þessu bili. Einnig finnast stórar þyrpingar af epidóti og sennilega einnig amfibóli.

1584-1598 m. Svarfið er allblandað á þessu dýptarbili, brotkorn eru úr fínkornóttu, gráu, plagióklasdílóttu, allumynduðu og oxuðu basalti. Einnig finnast brotkorn af grófu basalti eða dóleríti, sem einnig er talsvert mikið ummyndað. Úralitisering af pyroxen er talsvert áberandi í þessu basalti, en þó finnst fremur lítið ummyndaður pyroxen í sumum brotkornanna. Plagióklasinn er einnig allummyndaður í grófa basaltinu og viðist vera albítiseraður. Mikið er um útfellingar í þessu lagi, sérstaklega á um 1586-1590 m dýpi og á um 1594 m dýpi. Útfellingar eru úr kvasi, epidóti og pýríti.

1598-1602 m. Dökkt, meðalgrófkornótt, fersklegt basalt. Nokkuð er um ljósar útfellingar og epidót sést. Einnig gæti verið þarna parawollastonít, en það hefur ekki verið ákvarðað með röntgengreiningum.

1602-1604 m. Vantar svarf.

1604-1666 m. Lög af mismikið ummynduðu basalti. Þynnri, fersklegri kaflar af basalti eru á um 1630 m dýpi, 1638 m dýpi, 1650 m dýpi og í neðstu 10 m á 1656-1666 m dýpi. Epidót finnst í öllu þessu lagi.

1666-1672 m. Granofýr, eða að minsta kosti súrt innskotsberg. Bergið er fremur fínkornótt og talsvert er um útfellingar af kalsíti, kvarsí og epidóti.

1672-1678 m. Meðalgrófkornótt, grátt basalt er ráðandi og er það ekki mjög mikið ummyndað. Einnig finnast brotkorn af mjög mikið ummynduðu basalti.

1678-1702 m. Basalt, fremur fínkornótt, mikið ummyndað. Einnig finnast brotkorn af dóleríti eða a.m.k. grófkornóttara basalti. Brotkorn af súru fremur fínkornóttu innskotsbergi finnast einnig. Í fínkornótta basaltinu finnast æðar fylltar epidóti og einnig eru með amfibólítþræðir í þessum æðum. Epidótþyrpingar í stökum brotkornum eru algengar. Mikið er um útfellingar í laginu og einnig finnast háhitaummyndunarsteindir eins og granat.

1702-1726 m. Mjög ferklegt, dökkt, fínkornótt basalt eða andesít. Talsvert er um útfellingar af kvarsí, þreníti og epidóti.

1726-1728 m. Grófkornótt til meðalgrófkornótt basalt með subofittiskan textúr. Ummyndun er ekki mjög mikil.

1728-1790 m. Dökkt, fínkornótt, fremur ferskt basalt. Dreif af útfellingum sést, en þær gætu verið vegna blöndunar ofan frá. Engin lagmót sjást í berginu.

1790-1802 m. Mun meira ummyndað basalt en ofar. Svarfið er blandað og enn er allmikið um brotkorn af dökka, ferska basaltinu, sem var í laginu ofan við.

1802-1848 m. Granofýr er ráðandi í þessu lagi en einnig finnst dreif með af dökka, fína basaltinu og sömuleiðis finnast dökkgræn korn, sem aðallega eru úr klóríti og plagióklas. Í granofýrbrotkornunum eru fenokristallar af feltspati. Mjög lítið er um dökkar steindir í grunnmassanum, en þó sést grænleitir pyroxen í stöku korni.

1848-1866 m. Meðalgróft, fremur dökkt basalt með subofittiskan textúr. Þetta basalt er talsvert mikið ummyndað. Á 1854-1860 m eru algeng brotkorn af fínkornóttu, þéttu plagióklasdílóttu basalti. Þetta basalt er mun fersklegra. Dreifð korna af epidóti sjást.

1866-1876 m. Granofýr. Allmikið er um útfellingar í þessu lagi og ummyndun í granofýrinu er talsvert mikil.

1876-1896 m. Basalt, fínkornótt, þétt og fersklegt neðan efstu 6 m, þar sem er talsverð blöndun og sennilega ummyndun á mörkunum. Parawollastonít finnst við efri mörk lagsins. Epidót finnst sem dreif í laginu.

1896-1908 m. Lag af ljósu, súru bergi, sem er svipað og í lögnum að ofan. Sverulittiskur textúr sést í sumum brotkornunum. Önnur brotkorn eru meira grófkornótt. Dökku steindirnar eru skærgrænn pyroxen, en samsetning hans hefur ekki verið ákveðin.

1908-1916 m. Þétt, fersklegt basalt, fínkornótt og talsvert oxað.

1916-1920 m. Granofýr.

1920-1994 m. Fersklegt basalt með dreif af granofýrbrotkornum. Basaltið er nokkuð mismunandi í textúr en ráðandi er fínkornótt, alloxað basalt. Einnig finnst brotkorn af mun grófara basalti eða dóleríti. Þótt basaltið sé yfirleitt fremur ferskt, sést nokkur leirsteindamyndun. Mjög lítið sést af epidóti.

1994-2002 m. Granofýr. Granofýrið er fremur vel kristallað og sýnir mikrógrafískan textúr. Samsetning plagióklaskristalla er samkvæmt grófri ákvörðun í kringum An 30. Dökku steindirnar eru skærgrænn pyroxen.

HOLA 5

Lýsing jarðlaga.

32-44 m. Brotkorn eru úr sambreyskjum af gleri og útfellingum og einnig eru brotkorn af fínu glerkenndu basalti, smáblöðróttu. Útfellingar af pyrít, zeolítum og kalsíti.

44-54 m. Vantar svarf.

54-60 m. Meira túffkennd móbergsbreksía.

60-66 m. Vantar svarf.

66-70 m. Túffkennd móbergsbreksía, meira er af útfellingum í þessu lagi en á 54-60 m dýpi. Í þessu lagi eru útfellingar af analsími.

70-72 m. Vantar svarf.

72-76 m. Gróft svarf. Blanda af dökku fínu basalti og ummynduðum glersambreyskjum. Mjög mikið er um útfellingar af zeolítum, kalsíti og pyrít.

76-78 m. Vantar svarf.

78-86 m. Móbergsbreksía með dreifðum brotkornum af dökku, fínu basalti.

86-88 m. Vantar svarf.

88-96 m. Túffkennd móbergsbreksía. Talsvert af útfellingum af zeolítum (stilbít), kalsít, pyrít.

96-102 m. Vantar svarf.

102-116 m. Svarfið er aðallega úr ummynduðu ljósgrænu gleri. Dreifið brotkorn af svörtu, mjög fínkristölluðu basalti. Mikið er um útfellingar.

116-124 m. Vantar svarf.

124-128 m. Aðallega steypa frá fóðringu. Einnig finnast brotkorn af glersambreyskjum og dreif af dökku, mjög fínkornóttu basalti.

128-142 m. Móbergubreksía. Brotkornin eru af grænleitum glersambreyskjum og útfellingum, mjög mikið er um pyrít. Einnig finnast dreif af fínkornóttu, dökku basalti. Á 134-138 m finnast stórir, ávalir, hrunkendir molar úr fínkornóttu basalti og ummynduðu gleri, sem þettað er af útfellingum. Einnig finnast örfáir molar af fínkornóttu, dökku basalti með stórum kalsítfyllingum og smákristöllum af pyríti dreifðum í berginu. Oxun er nokkur á þessu dýptarbili, kornadreifing er lítil. Þetta gæti hugsanlega verið gróft set.

142-166 m. Mjög gróft svarf. Svarfið er úr ljósgrænum, ummynduðum glersambreyskjum. Mikið er um útfellingar af kalsíti, pyríti og zeolítum. Einnig finnast brotkorn af dökkgráu, fínkristölluðu basalti.

162-164 m. Gróft svarf, aðallega af mjög dökku, fínkristölluðu basalti..

164-186 m. Móbergubreksía með dreif af brotkornum úr fínu, dökku basalti.

186-192 m. Meiri hluti svarfsins er úr dökku, fínkornóttu basalti. Einnig eru brotkorn af móbergubreksíu.

192-248 m. Móbergubreksía með dreif af ferskum, dökkum basaltmolum í, aðallega á 214-232 m dýpi. Talsvert er um pyrít í þessu lagi. Nokkuð er um rauðleit og oxuð korn, aðallega efst.

248-310 m. Gráleitt basalt, allummyndað, talsvert er um útfellingar.

310-314 m. Talsverð dreif er af fersklegu, fínkornóttu, dökku basalti ásamt gráleita, ummyndaða basaltinu.

314-316 m. Gráleitt, ummyndað basalt, svipað og í laginu að ofan.

316-324 m. Dökkt, fersklegt, fínkornótt basalt.

324-328 m. Allummyndað, gráleitt basalt með grófum brotkornum.

328-338 m. Meiri hluti svarfsins er af dökku, fersku basalti eins og fannst í þunnum lögum á 316-324 m dýpi og 310-314 m dýpi.

338-352 m. Móbergubreksía með dreif af dökkum basaltmolum, sem gæti verið dreif úr laginu ofan við. Talsvert er um útfellingar af pyríti og kalsíti.

352-362 m. Svarfið er allblandað, en mörk við basalt eru sennilega mjög ofarlega í þessu lagi. Basaltið er dökkgráleitt, plagióklasdílótt, ekki mjög ummyndað.

362-400 m. Aðallega basaltlög af plagióklasdílóttu, fremur ummynduðu basalti. Talsverðar útfellingar af kvasi, leir og kalsíti sjást í berginu.

400-408 m. Basaltrík breksía.

408-452 m. Móbergubreksía. Mikil ummyndun er í berginu, mikið er um útfellingar. Oxun er talsverð.

452-454 m. Ferskt, dökkt, fínkornótt basalt.

454-458 m. Móbergubreksía svipuð og í laginu að ofan.

458-464 m. Ferskt, fínkornótt basalt sennilega gangur.

464-500 m. Túffkennd móbergubreksía. Talsvert meira er um basalt í breksiunni á um 450 m dýpi og um 490 m dýpi. Mikil ummyndun er í breksiunni og magn útfellinga er mikið. Pyrít er algengt.

500-508 m. Basalt eða basaltrík breksía. Basaltið er fínkornótt, sumt er talsvert ummyndað, annað er fersklegt.

508-524 m. Basaltrík breksía. Þunn basaltlög 1-2 m á þykkt, eru á um 512 og 518 m dýpi.

524-548 m. Túffkennd móbergubreksía, ummyndun er allmikil.

548-570 m. Meðalgróft plagióklasdílótt, allumyndað basalt, svart á lit. Ummyndun er nokkuð mismikil, í sumum kornanna er plagióklas orðinn allumyndaður, en í öðrum eru eftir leifar af pyroxen. Í grunnmassa basaltsins er leir, ógegnæsar steindir og kalsít ráðandi.

570-590 m. Túffkennd móbergsbreksía.

590-602 m. Grátt, fersklegt, plagióklasdílótt basalt. Nálægt neðri mörkum lagsins ber mikið á oxun og rauðleitum sambrey skjum. Talsvert er um pyrít og aðrar útfellingar nálægt mörkunum.

602-604 m. Ummynduð korn af gleruppruna og útfellingar eru ráðandi á þessu bili.

604-610 m. Basalt er ráðandi, en þó finnst með brotkorn af ummynduðu basaltgleri. Basaltið er dökkgrátt fremur fínkornótt, oxað og talsvert ummyndað.

610-632 m. Basaltrík breksía. Á 622-626 m gæti verið samfellt basaltlag.

632-660 m. Aðallega basalt, blanda af ummynduðum og ferskum basaltbrotkornum, fersku basaltbrotkornin finnast aðallega á 638-640 m dýpi, 648-652 m dýpi og 658-660 m dýpi.

660-790 m. Ljós túffkennd móbergsbreksía. Þunn dökk basaltlög finnast á 676-678 m dýpi, á 696 m dýpi, á 698-702 m dýpi og á um 704 m dýpi. Einnig finnast þunn basaltlög úr fersku, fínkornóttu basalti á um 750 m dýpi, 776 m dýpi og 780 m dýpi. Ummyndun er allmikil í breksíunni, flest kornin eru strúktúrlaus og endurkristölluð yfir í kvars, leir og kalsít. Á 750 m dýpi er einnig talsvert magn af epidóti. Brotkorn af fínkornóttu basalti, allmikið oxuðu, sést í nokkru magni, eru nú aðeins plagióklaslistar eftir af upprunalegum mínerölum í því. Kjarni var tekinn á dýptarbilinu 789-795,5 m. Aðeins komu upp 2 m af kjarna og eru kjarnabútarnir því ekki vel staðsettir. Svarf kom upp allan tímann með kjarnanum og samkvæmt því er dýptarbilið 790-796 m að miklu leyti basalt, sem er meðalgrófkornótt og allumyndað. Talsvert er einnig af

móbergsbreksíubrotkornum. Ummyndun er talsvert mikil og kvars, kalsít og epidót finnast í grunnmassa, holufyllingum og einnig í sprungufyllingum.

790-842 m. Ummyndað basalt aðallega, en inn á milli finnst dreif af frekar fínkornóttu fersku basalti. Ferska basaltið finnst einkum á 800-812 m dýpi og aftur á um 820 m dýpi. Þetta eru sennilega þunnir basaltgangar. Nálægt þessum fersku basaltbrotkornum finnast í auknu magni útfellingar, þar er talsvert meiri ummyndun. Í ummyndaða basaltinu eru oftast eftir nokkrar leifar af pyroxeni og plagióklas. Mikið er af leir í grunnmassa einnig sést bæði epidót og prenit.

842-844 m. Aðallega fremur ferskt meðalgrófkornótt basalt, plagióklas-dílótt. Einnig eru brotkorn af fínkornóttu háfglekkenndu basalti, sem er mikið ummyndað.

844-846 m. Vantar svarf.

846-862 m. Aðallega basalt, sem er grænleitt og mikið ummyndað. Mikið er um útfellingar af kvasi, epidóti og pyríti. Basaltið er fínt til meðalgrófkornótt, venjulega, en einnig finnst með dreif af dólerítkenndum brotkornum, sem eru mun ferskari. Mest er um fersklegt basalt á um 850 m dýpi og 855 m dýpi.

862-866 m. Vantar svarf.

866-874 m. Aðallega ummyndað basalt en einnig finnast brotkorn úr mikið ummyndaðri móbergsbreksíu.

874-880 m. Brotkornin eru aðallega úr mjög mikið ummynduðu basalti og eru sum basaltbrotkornin af mjög grófkornóttu basalti, einnig finnst dreif af fínkornóttu dökku fersklegra basalti.

884-892 m. Mjög fínt svarf af ummynduðum glerkenndum brotkornum og útfellingum. Mjög lítið er um brotkorn af basalti.

892-900 m. Svarfið er grófara, en er úr svipaðri móbergsbreksíu og ofar. Ummyndun er talsvert mikil. Dreif finnst af dólerítkornum. Hér finnast zeolít, sennilega kabasít. Útfellingasteindir eru annars aðallega kvars, kalsít og epidót.

900-910 m. Þetta er mjög fínkristallað, súrt berg, engar dökkar steindir sjást nema ógegnsæjar steindir, sem sennilega eru sekúnderar og finnast í vel þróuðum kristöllum. Kornamörk í berginu eru mjög ógreinileg og kornin eru anhedral með mosaik tekstúr, mikið er um útfellingar af kvasi og epidóti.

910-954 m. Basaltlög, basaltið er fremur grófkornótt og talsvert mikið ummyndað. Dreif af fersklegra basalti finnst efstu 8 m í þessu lagi og aftur á 928-940 m dýpi. Talsvert er um útfellingar af kvasi, preníti, leirsteindum og epidóti.

954-962 m. Móbergubreksía.

962-970 m. Ummyndað basalt með dreif af brotkornum úr breksíu og sennilega úr laginu ofan við. Basaltið er allgrófkornótt, ljósgrænleitt á lit og talsvert ummyndað. Pýrít er algengt í þessu lagi.

970-986 m. Mjög grófkornótt basalt eða dólerít ekki mjög ummyndað. Efstu 4 m er dreif af brotkornum úr laginu ofan við.

986-990 m Vantar svarf.

990-1010 m. Basalt, meðalgróft, grágrænleitt, talsvert ummyndað. Ásamt þessu basalti finnast brotkorn af ljósara meira fínkornóttu basalti, gæti það samkvæmt borhraða myndað eigið lag á um 1000-1010 m dýpi. Þetta fínkornóttu basalt hefur sennilega haft hálfglærkenndan grunnmassa og er það nú orðið mjög ummyndað yfir í leirsteindir. Mikið er af útfellingum í þessu lagi, m.a. finnst preníti. Parawollastonít finnst einnig í laginu, sérstaklega á um 1006 m dýpi.

1010-1108 m. Í þennan kafla vantar svarf, frá 1012-1014 m dýpi. Svarfið er fínt á þessu bili, brotkornin eru aðallega af allgrófu basalti, sem ekki víðist vera mjög mikið ummyndað. Pýrít er mjög algengt sem útfelling og nokkuð er um epidót.

1108-1128 m. Basaltlög. Ráðandi eru brotkorn af meðalgrófu allummynduðu basalti. Einnig finnast lög af mun fínkornóttara ljósu basalti, sem eru á 1110-1112 m dýpi og 1106-1128 m dýpi. Mjög algengt er í þessu

fínkornótt mikið ummyndaða basalti að sjá klasa af vel kristölluðu epidóti.

1128-1146 m. Basalt, fremur grófkornótt, ekki mjög ummyndað. Textúr er subófattiskur og bergið allferskt, en þó er ummyndun yfir í leir byrjuð. Sum brotkorn hafa ófattiskan textúr, eru mjög grófkornótt og allalengt er að sjá brotkorn af stökum pyroxen. Brotkorn af fínna basalti finnast einnig, talsvert er um epidót í stökum brotkornum. Þyrít finnst í allmiklu magni.

1146-1148 m. Basalt, sem er ljósara á lit. Meira er um útfellingar. Hér eru sennilega lagmót eða sprungukafli. Basaltið hefur mjög svipaðan textúr og í laginu fyrir ofan.

1148-1170 m. Basalt, sem líkist mjög basaltinu í laginu á 1128-1146 m dýpi. Basaltið er meðal grófkornótt, þétt og ekki mjög mikið ummyndað. Í þunnsneið sést að textúr basaltsins eða dólerítsins er ófattiskur og að þótt ummyndun sé ekki mikil, þá er farinn að myndast leir á kostnað pyroxens og á kornamörkum. Blanda finnst með meira af fínkornóttu basalti, sem er mismikið ummyndað.

1170-1214 m. Mjög mikið ummyndað ljósgrænleitt basalt. Basaltið er meðalgrófkornótt til fínkornótt. Vegna ummyndunar er pyroxen að mestu horfinn, en þó finnast kjarnar af honum eftir í leirþyrpingum og graut af ógegnsæjum steindum, sem nú fyllir millirúm á milli plagióklasa. Plagióklasinn er líka orðinn eyddur á jöðrum og í sprungur hafa kristallað sekúnderar steindir. Merki afblöndunar sjást í sumum plagióklas-kornunum, en önnur eru ferskleg. Talsvert er um útfellingar af epidóti, þreníti, kvars og leir.

1214-1258 m. Þétt, fínkornótt fremur fersklegt basalt. Basaltið er stakdílótt og hefur grunnmassinn örugglega verið glerkenndur, en basaltið er nú orðið talsvert oxað. Mjög lítið er um útfellingar og epidót sést ekki í þessu lagi. Stök brotkorn af heldur grófkornóttara basalti finnast einnig í þessu lagi. Þetta basalt hefur intergranular textúr og er ekki mjög ummyndað.

1258-1280 m. Á þessu dýptarbili er svarfið blanda af dökku, fersku, fínkornóttu basalti og gráleitu mun meira ummynduðu basalti, sem er heldur grófkornóttara. Epidót sést hér aftur og meira er um ummyndunarsteindir.

1280-1288 m. Á þessu dýptarbili er dökkt, ferklegt, fínkornótt basalt ráðandi.

1288-1292 m. Vantar svarf.

1292-1298 m. Basaltrík breksía. Brotkornin eru af mismunandi gerðum basalts og einnig er talsvert um strúktúrlaus korn og útfellingar af ummyndunarsteindum af kvasi, leir, preníti, epidóti. Basaltbrotkornin eru úr meðalgrófu basalti, sem sumt er greinilega plagióklasdílótt. Ummyndun er talsvert mikil í þessu basalti. Plagióklasinn er oft orðinn skýjaður og afblandaður. Fersklegur pyroxen sést í sumum kornum, en er verulega ummyndaður í öðrum. Oft sést aðeins ásýnd hans og leir er kominn í stað upprunalegs pyroxens. Einnig finnast brotkorn af fremur fínkornóttu en sennilega alkristölluðu, upprunalegu basalti með intergranúler textúr. Þetta basalt er nú mikið ummyndað. Plagióklaslistar og kjarnar af pyroxenleifum finnast í grunnmassa af ummyndunarsteindum. Þriðja aðalgerð af basaltbrotkornum á þessu dýptarbili er hálfgerkennt basalt, sem hefur oxaðan grunnmassa.